

Barnaráð Stjörnuheima

Á frístundaheimilinu Stjörnuheimum leggjum við áherslu á að valdefla börnin og reynum ávallt að gefa þeim tól til að móta skipulag starfsins. Þannig tryggjum við að starfsemi taki ávallt mið af sjónarhorni barna og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi. Frístundaleiðbeinendur efla lýðræðisvitund þeirra með því að hvetja þau til að tileinka sér jákvæð og uppbyggjandi samskipti og hjálpa við slíkt þegar þörf er á. Leiðbeinendur hvetja líka börnin til þess að láta rödd sína heyrast til þess að móta starfið. Oft er mjög annasamt gefst því ekki alltaf tækifæri til þess að ræða hugmyndir barnanna.

Til þess að góðar hugmyndir fari ekki til spillis höfum við hugmyndakassa sem börn hafa alltaf aðgang að. Þar geta þau skrifað eða teiknað hugmyndir sínar – og fengið aðstoð frá starfsmanni – sem eru síðan teknar upp á barnaráðsfundi. Öll börn geta tekið þátt í barnaráðinu. Barnaráðið hittist með reglulegu millibili og skoðar hugmyndir sem eru í hugmyndakassanum. Síðan gerir ráðið fundargerð sem er aðgengileg öllum. Ráðið velur að lokum þær tvær hugmyndir sem þeim líst best á og tryggir að þær verði framkvæmdar sem fyrst. Við reynum samt okkar besta að framkvæma allar hugmyndir barnanna og leitum reglulega ráðgjafar í hugmyndir úr hugmyndakassanum.

Barnaráðið byggir á 12. grein barnasáttmálans.

Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

„Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“

Við hvetjum foreldra til þess að hjálpa börnum við að móta frístundaheimilið. Endilega spyrjið börnin ykkar hvað þau gerðu á frístundaheimilinu og hvernig þeim fannst það – og hvort það sé eitthvað sem þeim langar að gera oftar eða finnst vanta. Svona samtöl þjálfa gagnrýna hugsun og hvetja til samfélagsþátttöku.

Barnaráð er formlegur vettvangur fyrir lýðræðislega ákvarðanatöku í frístundaheimilum. Tilgangur þess er þrjúþættur:

- (1) Að börn læri um lýðræði í lýðræði – og venjist því að samfélagsleg þátttaka getur raunverulega breytt þeirra umhverfi.
- (2) Barnaráðið gefur starfsmönnum tækifæri til þess að sjá frístundastarfið frá sjónarmiði barna.
- (3) Barnaráðið kynnir börn fyrir formlegu lýðræði og undirbýr þau fyrir þátttöku í samfélaginu.

Framkvæmd Barnaráðs

Barnaráðið hittist á tveggja vikna fresti. Mikilvægt er að ráðið hittist reglulega – t.d. annan hvern mánudag. Því yngri sem börnin eru því styttri þurfa fundirnir að vera – 30-40 mínútur ætti að vera nægur tími til þess að ræða og flokka niður hugmyndir.

Það er samsett af einum starfsmanni og átta börnum.

Mikilvægt er að bjóða öllum sem vilja taka þátt að vera með. Ef ráðið er fullmannað er kjörið að taka niður lista yfir þeim sem ekki komust og bjóða þeim þátttöku næst.

Þar er farið yfir tillögur úr hugmyndakassa. Hugmyndakassi er sýnilegur öllum börnum frístundaheimilisins. Í hugmyndakassann seta börn hugmyndir – risastórar sem örsmáar - að breytingum á starfsemi frístundaheimilisins.

Börn fá öll hlutverk

- Starfsmaður - Fundastjóri

Sér um almennt skipulag og passar upp á að fundurinn dragist ekki á langinn. Best er að börnin stjórni þó fundinum að mestu sjálf.

- Tveir upplesarar

Lesu upp hugmyndir úr hugmyndakassa.

- Teljari

Telur framkvæmanlegar, óframkvæmanlegar og ógildar hugmyndir. Passar upp a miða úr hugmyndakassa ásamt teljara.

- Tímavörður

Sér um að halda tímann og upplýsa fundarstjóra.

- Skrásetjari

Skráir niður framkvæmanlegar, óframkvæmanlegar og ógildar hugmyndir. Passar upp a miða úr hugmyndakassa ásamt teljara.

- Málefnaþjóri

Sér um ásamt fundarstjóra að allar hugmyndir og óskir séu teknar fyrir og ræddar.

- Umsjón veitinga

Sér um að sækja drykki og glös fyrir fundargesti.

- Fundargerðaritari

skráir fundargerð sem er svo hengd á upplýsingatöflu barnanna og sett í möppu sem er aðgengileg öllum.

Ráðið fundar. Hugmyndir eru ræddar og börn fá að tjá sínar skoðanir á þeim. Hugmyndir eru flokkaðar í þrjá flokka. Best er að leyfa börnum að komast að því sjálf hvaða hugmyndir eru framkvæmanlegar en hugsanlega þarf starfsmaður að stíga inn í og útskýra hvers vegna ákveðnar hugmyndir þarf að flokka í hvaða flokk.

- Framkvæmanlegar hugmyndir

Hugmyndir sem eru framkvæmanlegar.

- Óframkvæmanlegar hugmyndir

Hugmyndir sem af ýmsum ástæðum eru óframkvæmanlegar. T.d. alltaf pizza í síðdegishressingu.

- Ógildar hugmyndir

Ógildar hugmyndir eru þær hugmyndir sem lýðræðið nær ekki yfir – t.d. „bönnum x úr frístund því hann er leiðinlegur“. Miðar sem eru ekki með hugmyndum – t.d. brandarar og annað frá óprúttum aðilum.

Takið niður einfalda fundargerð. Það sem þarf að koma fram eru þátttakendur í ráðinu þetta skiptið og listi af flokkuðum hugmyndum. Leiðbeinandi fer yfir fundargerð eftir fundinn og stillir upp helstu umræðupunktunum á auðlesanlegan hátt. Fundargerð er gerð opinber – þ.e. geymd á stað þar sem allir – börn, foreldrar og starfsmenn – geta nálgast hana.

Framkvæmanlegar hugmyndir eru framkvæmdar. Leyfið börnum að eiga sem mesta hlutdeild í framkvæmd hugmyndanna. Hvetjið starfshópinn til þess að leita í fundargerðir. Þær eru auðlæsar og afar skilvirkt verkfæri til þess að sjá hvað börnin vilja gera.